

Dags eftirlits	30.4.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Rifós	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500692-2869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Helgi Þorvaldsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki kom fram frávik frá kröfum starfsleyfis í eftirlitinu en ein ábending var sett fram er varðar öryggisblöð við efnanotkun.

UMFANG EFTIRLITS

Um landeldisstöð er að ræða þar sem allt eldið er staðsett innandyra. Stöðin stendur við Lón í Kelduverfi og rennur frárennslið eftir hreinsun í gegnum settjarnir út í Lónið.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávíka
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfest að úrbótum vegna ábendinga frá síðasta eftirliti er að mestu lokið en enn á eftir að fjarlægja þá olúgeyma sem fjarlægja á og verður það tekið út í næsta eftirliti. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Mikil uppbygging er við stöðina og hafa risið tvö ný eldishús á svæðinu. Verið er vinna í húsunum en fiskur er komin í annað þeirra og hrognasalur kominn í notkun. Er aðstaðan orðin mjög góð í stöðinni og nýr búnaður hefur verið keyptur inn. Einungis er alin lax í stöðinni í dag og hefur allri bleikju verið slátrað. Öllum fiski hefur nú verið slátrað upp úr kvíum í Lóninu. Netapokar hafa verið fjarlægðir en verið er að vinna við að fjarlægja eldisbúrin, fóðurtankinn, þjónustubátinn og ganga frá öðrum búnaði á svæðinu. Eldisbúrin fara til förgunar brotamálms hjá Hringrás. Sláturhús hefur verið aflagt og er nú notað sem geymsluhúsnæði. Dælt var upp úr settjörn við sláturhús þegar slátrað var upp úr Lóninu en dælt verður aftur á næstunni og settjörnin hreinsuð í framhaldinu. Verður sá frágangur tekinn út í næsta eftirliti.

Nýtt fóðurkerfi verður sett upp fyrir nýju húsin og skipt um kerfi í gamla seiðahúsinu en þar eru nú klukkufóðrarar. Áætlað er að sjálfvirkt kerfi verið komið upp í eldra húsinu árið 2023.

Engar breytingar hafa verið gerðar á frárennsli frá húsunum, en það liggur út í setþrær og þaðan rennur frárennslið út í Lónið. Ekki var að sjá uppsöfnun við útrás settjarnanna og leit svæðið vel út. Settjarnir eru tæmdar eftir þörfum. Fyrirhugað er að byggð verði hreinsistöð með tromlusíu við nýju húsin. Verið er að setja upp olúskilju og steipt plan undir nýjan olúgeymir við stöðina og hafa aðrir geymar verið tæmdir og verða fjarlægðir.

Mælingar á blaðgrænu í Lóninu voru gerðar skv. vöktunaráætlun árið 2020 af Náttúrustofu Norðausturlands en verið er að uppfæra vöktunaráætlunina m.t.t. breytinga á stöðinni. Mælingar voru ekki gerðar í frárennsli stöðvarinnar í viðtaka en uppreiknuð losun fosfórs út frá fóðurnotkun var innan marka gr. 2.3 í starfsleyfi sem eru 20 kg P/framleitt tonn, bæði fyrir seiðastöðina, als 5.5 kg P/framleitt tonn og í Lónið eða 10,3 kg P/framleitt tonn. Daglegar skráningar eru í FishTalk og á eyðublöð við starfsstöðvar. Önnur gögn eru í EQS skráningarkerfi sem allir starfsmenn stöðvarinnar hafa aðgang að.

Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 2.9 í starfsleyfi var send eftirlitsaðila að eftirliti loknu og er í gildi. Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar á sameiginlegu EQS kerfi rekstraraðila og hafa einnig verið sendar til eftirlitsaðila. Starfsmenn fá þjálfun árlega um meðhöndlun efna frá sölubýrgja efnanna og þar er farið yfir helstu öryggisreglur og meðhöndlun efnanna. Minnt var á að öryggisblöð skulu vera aðgengileg við þá staði

sem notkun efnana fer fram eða aðgengilegt í sínum/tölvum allra starfsmanna.

Hreinsiefni eru geymd í sérstökum skáp í eldra húsi en magn spilliefna er óverulegt í stöðinni. Verið er að setja upp nýjan olfugeymi og verður frágangur við hann skoðaður í næsta eftirliti. Öll úrgangsolía fer í móttökustöð við Víðimóa á Húsavík.

Meindýraeyðir kemur á 3ja mánaða fresti og sinnir vörnum við stöðina. Fugl er ekki vandamál við stöðina þar sem allt er yfirbyggt.

Gengið var um stöðina, settjarnir skoðaðar og útrás í viðtaka. Töluvert af byggingarefni er á svæðinu og þörf á tiltekt að uppbyggingu lokinni.

ÁBENDINGAR

Ábending var sett fram í eftirliti er varðar að öryggisblöð skulu vera aðgengileg við þá staði sem notkun efnanna fer fram eða aðgengilegt í sínum/tölvum allra starfsmanna.

ANNAD

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.


Ársskýrsla og grænt bókhald fyrir árið 2020 barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 29. apríl sl.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.06.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir